

# Skólaráð

Skólaráð 2711.2012 kl. 8:10

28. fundur

**Mætt voru:** Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Ragnheiður Ásmundsdóttir fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Vilborg Harðardóttir fulltrúi nemenda, Sverrir Kristinsson fulltrúi nemenda, Mjöll Flosadóttir fulltrúi foreldra og Sigurbjörg Daníelsdóttir fulltrúi foreldra.

Hildur Guðmundsdóttir og Pálmar Sigurðsson boðuðu forföll.

## Húsnæði og aðbúnaður

Húsnæðið er í besta ástandi í mörg ár. Hitakerfið er komið í gott lag um allt hús. Breytingar hafa verið gerðar á bókasafninu. Kominn er vísir að tölvuveri þar inni, keyptir voru grjónapúðar og fleira smálegt til að gera safnið meira aðlaðandi. Töluverð vinna var við rafmagn vegna tölvutenginga. Veggir voru málaðir í unglingadeild, nýir sófar keyptir og stofa 117 tekin í gegn. Umgengnin í unglingadeild er mjög góð. Til stendur að setja upp lítið tölvuver í unglingadeild þar sem nemendur geta brugðið sér út fyrir stofu sína til að vinna verkefni, í stað þess að þurfa að fara í hinn enda hússins. Gardínumál eru í þokkalegu standi, þó vantar gardínur í stofu 211 og opið rými í holi við Setrið. Perur í skjávörpum er farnar að gefa sig, en ekki er talið borga sig að skipta um þær þar sem stykkið kostar um kr. 70.000. Skólinn fékk gefins einn skjávarpa um daginn, þannig að til eru tveir lausir skjávarpar á vögnum sem hægt er að grípa í. Snjóflóðavarnir voru settar upp á þakbrún á bakvið hús þar sem hengjur runnu niður í fyrra og hefðu getað valdið stórslysi. Íþróttahúsið var yfirfarið af heilbrigðiseftirlitinu og hefur verið lagfært að mestu. Tómskund færði skrifstofu sína inn í vinnuherbergi Íþróttakennara. Umgengni mætti vera betri hjá ÍTH fólki. Skólalóðin var yfirfarin í október, skipt um net í mörkum, lýsing bætt og fleira smálegt. Lóðin var tekin vel í gegn í haust þar sem skipt var um brýr og fleira. Skápar nemenda eru komnir í lag og skólabjalla endurnýjuð. Þrif innan skólans eru ekki í nógu góðu lagi, og þarf reglulega að gera athugasemdir vegna þeirra. Viðvera umsjónamanns fasteigna hefur aukist í skólanum. Verksvið hans er stórt og nær yfir Setbergsskóla og leikskólana Hlíðarberg og Hlíðarenda. Hljómflutningstæki skólans eru í þokkalegu lagi, fyrir utan hátalarar sem eru sprungnir og borgar sig ekki að laga. Þá var hljóðnemum stolið.

## Kynning á niðurstöðum samræmdra prófa og úrvinnsla

Niðurstaða sýnir góðan árangur í öllum árgöngum og sérstaklega hjá 4. bekk, og eru skólastjórnendur stoltir af nemendum sínum og kennurum.

### 10.bekkur

Fag	Meðaltal Setbergsskóla	Meðaltal í nágr. Rvk.
Íslenska	6,5	6,5

## Skólaráð

<b>Stærðfræði</b>	<b>6,6</b>	<b>6,7</b>
<b>Enska</b>	<b>6,8</b>	<b>6,8</b>

### 7. bekkur

<b>Fag</b>	<b>Meðaltal Setbergsskóla</b>	<b>Meðaltal í nágr. Rvk.</b>
<b>Íslenska</b>	<b>6,9</b>	<b>6,7</b>
<b>Stærðfræði</b>	<b>7,4</b>	<b>7,2</b>

### 4. bekkur

<b>Fag</b>	<b>Meðaltal Setbergsskóla</b>	<b>Meðaltal í nágr. Rvk.</b>
<b>Íslenska</b>	<b>7,2</b>	
<b>Stærðfræði</b>	<b>8,3</b>	

*Ragnheiður yfirgaf fund kl. 8.45.*

### Jólahald í Setbergsskóla

Undanþága vegna jólaballs unglíngadeildar verður tekið fyrir á næsta fræðsluráðsfundi, þar sem aðrir skólar í Hafnarfirði voru of seinir að senda inn umsókn. Jólamatúr verður þann 18. desember og stofujól 19. desember ásamt balli í unglíngadeild (ef samþykki fæst í fræðsluráði). 20. desember kl. 8:30 verða jólaböll fyrir 1. – 7. bekk (þrískipt). Jólaföndur Foreldrafélagsins var haldið s.l. laugardag og var vel heppnað. Jólaföndur í skólanum hefst 10. desember, allir gera eitt vandað jólakort. Lögð verður áhersla á samveru, leiki og rólegheit. Kirkjuferðir, bæjarferðir í jólaþorpið, bókasafnið heimsótt og fleira skemmtilegt. Jólaval í unglíngadeild tvo tíma á dag síðustu vikuna. Mynd, spil, föndur, leiklist og fleira. Skólinn hefur nú þegar verið skreyttur, en hver árgangur fær sitt svæði til skreytingar. Stefnt er á jólastund með samsöng þann 14. des við kertaljós undir stjórn Elísabetar.

### Um fjöllum um umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðar

Um fjöllum um umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðar sem barst skólaráði til umsagnar. Fundarmenn sammála um að fjármagn þurfi til fræðslu og kaupa á sorpílátum. Nýlega var farið í gengum sorpmál í skólum Hafnarfjarðar, flokkun sorps á sér nú þegar stað í skólanum að einhverju leyti. Fræðsluskrifstofa þyrfti að úthluta auka tímum í umhverfismennt (fyrir

# Skólaráð

---

utan hefðbundna kennsluskyldu) til skolonar á fernum, flokkun og frágangi sorps. Skólastjóri mun gera uppkast af bréfi f.h. skólaráðs til Fræðsluráðs.

## Önnur mál.

1. Mjöll bar fram þá tillögu að þema næsta skólaþings yrði nýja aðalnámsskráin. Fundarmenn tóku vel í þá hugmynd.
2. Næsti fundur verður haldinn 22. janúar 2013.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9.35

Sigurbjörg Daníelsdóttir, fundarritari.